



Hrunamannahreppur

Alþingi
Bt. Nefndasviðs

Flúðum 14. desember 2023

Varðar: umsögn varðandi mál nr. 402

Á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 7. desember sl. var lögð fram umsagnarbeiðni frá Velferðarnefnd Alþingis um 402. mál – Gjaldfrjálsar skólamáltíðir og umgjörð þeirra.

Afgreiðsla sveitarstjórnar var svohljóðandi:

Sveitarstjórn minnir á að allar hugmyndir Alþingis sem valdið geta kostnaðarauka á sveitarstjórnarstiginu ber að kostnaðarmeta og greiða sveitarfélögum í framhaldinu þann kostnað sem af slíkum tillögum hlýst. Það er ljóst að með því að öllum börnum verði veittar gjaldfrjálsar skólamáltíðir myndast þó nokkur kostnaður hjá sveitarfélögum sem flest hver í dag innheimta gjald fyrir máltíðir sem stendur því sem næst undir hráefniskostnaði. Allur annar kostnaður við máltíðir skólabarna fellur á sveitarfélögin og íbúa og er þar um verulega niðurgreiðslu að ræða. Svo dæmi sé tekið greiða börn í Flúðaskóla kr. 440,- fyrir hádegisverð sem samanstendur af heitum rétti, fjölbreyttu meðlæti og salatbar. Sé algengt verð á matvælum skoðað kemur til dæmis í ljós að ein lítil dós af Örnú skyri með jarðarberjum kostar kr. 338,- í lágvöruverðsversluninni Krónunni. Því verður seint hægt að halda því fram að verð á skólamáltíðum allavega hér í Hrunamannahreppi sé íþyngjandi fyrir fjölskyldur. Rétt er að minna aftur á að verði tillaga sem þessi að veruleika yrði ríkisstjórn að borga sveitarfélögunum þann kostnað sem felst í hráefni matarins hið minnsta og mætti í því tilliti spyrja sig hvort að slík ráðstöfun fjár án tillits til efnahags foreldra og forráðamanna þeirra sem njóta myndu slíkra niðurgreiðslu sé skynsamleg nýting fjármuna ríkissjóðs sem okkur vitanlega er rekinn í dag með umtalsverðum halla.

Þessi bókun sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Aldís Hafsteinsdóttir
Sveitarstjóri



Sveitarstjórnin í
Hrunamannahreppi